

Borgarráð 30.8.'18: Bókun áheyrnarfulltrúa Miðflokksins vegna svars við fyrirspurn um lóðaúthlutanir á síðasta kjörtímabili - R18020068

Vísað er í svar sem barst í borgarráð um dagsetningu á skjali sem innihélt upplýsingar sem hefðu skipt mjög miklu máli í umræðunni fyrir borgarstjórnarkosningarnar en hún fjallar um fjölda lóða sem hafði verið úthlutað á kjörtímabilinu fyrir leigu- og búseturéttaríbúðir. Skjalið var dagsett 11. maí er var fyrst kynnt á borgarráðsfundi fráfarandi borgarstjórnar þann 7. júní, þ.e. að afloknum sveitarstjórnarkosningum. Í svarinu kemur fram að gleymst hefði að breyta dagsetningu bréfsins við frágang svarsins. Slíkt svar er mjög ótrúverðugt svo ekki sé meira sagt, en ef satt er er þá er þetta enn einn áfellisdómurinn yfir stjórnsýslu Reykjavíkur. Almennir og kjörnir fulltrúar eiga að geta treyst upplýsingum frá opinberum aðilum til hlítar og skipta réttar dagsetningar þar mestu máli.